

# Fundargerð 469. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, föstudaginn 24. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Jóna Árný Þórðardóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 468. fundar - 2401001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 468. fundar Stjórnar hafnasambandsins frá 6. desember 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Rekstur og uppbygging hafna landsins - 2412001HA**

Lagt fram bréf Hafnasambands Íslands til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 30. desember 2024, um rekstur og uppbyggingu hafna landsins ásamt fylgiskjölum.

*Stjórn samþykkir að ítreka við ráðuneytið að fá hið fyrsta fund með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.*

**3. Helstu verkefni og stefnumörkun - 2211001HA**

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 6. desember 2024, en þá var málinu frestað til næsta fundar.

*Formanni falið að lagfæra skjalið og leggja fyrir á næsta stjórnarfundum til samþykktar.*

Hanna Björg Konráðsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:20.

**4. Faghópur hafnsögumanna og skipstjóra - 2009012HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar samstarfshóps hafnsögumanna og skipstjóra lóðs- og dráttarbáta innan Hafnasambands Íslands frá 10. janúar 2025.

**5. Tilnefning í fagråd um siglingamál - 2410005HA**

Lögð fram til kynningar tilnefning Hafnasambands Íslands í fagråd um siglingamál, dags. 5. nóvember 2024.

*Hafnasambandið ítrekar að ráðuneytið klári að skipa í ráðið og boði fund í siglingaráði sem fyrst.*

**6. Tryggingamál hafnasjóða - 2310001HA**

Rætt um tryggingamál hafnasjóða.

*Stjórn samþykkir að láta taka saman yfirlit um lögbundnar tryggingar hafna sem mikilvægt er fyrir alla að hafa en jafnframt valkvæðar tryggingar sem eru mikilvægar fyrir mjög marga hafnir.*

Gunnar Tryggvason kom inn á fundinn kl. 11:40.

**7. Vorfundur 2025 - 2501002HA**

Rætt um tímasetningu vorfundar stjórnar Hafnasambands Íslands 2025.

*Samþykkt að skipuleggja vorfund stjórnar hafnasambandsins 22.-23. maí 2025 á höfuðborgarsvæðinu.*

**8. Hafnafundur 2025 - 2411002HA**

Rætt um að hefja undirbúning fyrir hafnafund 2025 sem haldinn verður í Snæfellsbæ haustið 2025.

**9. Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2410006HA**

Gunnar Tryggvason gerði grein fyrir fundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn í desember 2024 á vegum ESPO. Greint frá því að til standi að halda norrænan fund um hafnamál í Reykjavík í október á þessu ári.

Dóra Björk Gunnarsdóttir vék af fundi kl. 12:10.

Fundi var slitið kl. 12:15